

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 462/1991.

Hagkaup hf.

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

Bjarna Geir Alfreðssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningur. Laun. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. nóvember 1991. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að hann verði dæmdur til að greiða stefnda vexti einungis frá útgáfudegi stefnu og málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með leigusamningi 17. maí 1988 tók áfrýjandi á leigu verslunarhúsnæði Vöruhússins Eiðistorgs hf. við Eiðistorg á Seltjarnarnesi frá 1. ágúst 1988. Með í leigunni fylgdu „öll áhöld, vélar og tæki til reksturs matvörubúðar. . .“ Í leigusamningnum voru engin ákvæði um skyldur áfrýjanda gagnvart starfsfólki leigusala. Fram er komið, að áfrýjandi gaf öllu starfsfólkinu kost á endurráðningu í nýrri verslun sinni. Hins vegar er ósannað gegn neitun áfrýjanda, að hann hafi yfirtekið réttindi og skyldur leigusala gagnvart þessu starfsfólki.

Stefnda stóð þannig til boða starf hjá áfrýjanda, og er ekki ágreiningur um, að kjör hans skyldu vera óbreytt varðandi vinnutíma og laun. Í júlímánuði kom í ljós, að áfrýjandi hafði ekki í hyggju að starfrækja áfram eldhús, eins og ráðgert hafði verið í upphafi, og ætlaði stefnda starf við kjötborð verslunarinnar. Þar átti hann að sögn starfsmannastjóra áfrýjanda fyrir dómi að útbúa tilbúna rétti í kjötborðið, eins og aðrir matreiðslumenn í versluninni, og vera jafnframt við afgangslustörf. Því vildi stefndi, sem eingöngu hafði starfað í eldhúsi fyrri vinnuveitanda, ekki una. Hann kaus að

hefja ekki störf hjá áfrýjanda 1. ágúst 1988. Það er ósannað, að áfrýjandi hafi skuldbundið sig til að breyta ekki verksviði stefnda á þann veg, sem hann hugðist gera, og á stefndi enga kröfu til launa á hendur honum. Ber því að sýkna áfrýjanda.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Mál þetta var fyrst munnlega flutt og dómtekið 18. mars 1991. Það var endurupptekið og flutt að nýju 19. september sama ár, þar sem „ekki tókst vegna mikilla anna dómarans að ljúka dómi í málinu innan eðlilegra tímamarka“. Þessi langi dráttur á málsmeðferð er aðfinnsluverður.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Hagkaup hf., á að vera sýkn af kröfum stefnda, Bjarna Geirs Alfreðssonar.

Stefndi greiði áfrýjanda 120.000 krónur í málskostnað í hér-
aði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. október 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. september sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Bjarna Geir Alfreðssyni, kt. 300551-2709, Hraunteigi 15, Reykjavík, gegn Hagkaupum hf., kt. 671280-0169, Skeifunni 15, Reykjavík, með stefnu, birtri 22. febrúar 1990.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 282.034,00 [auk nánar tilgreinds vaxta- og málskostnaðar].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu, en til vara, að stefnufjárhæðin verði lækkuð verulega. Krafist er málskostnaðar [...].

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 19. mars sl., en var endurupptekið, endurflutt og dómtekið á ný hinn 19. september sl.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

— — —

III.

Með bréfi, dags. 30. maí 1988, var stefnanda sagt upp starfi sínu hjá Sláturfélagi Suðurlands, en hann starfaði hjá Vöruhúsinu Eiðistorgi hf. sem matsveinn í eldhúsi í versluninni Nýjabæ. Uppsögnin miðaðist við 1. júní 1988 og var uppsagnarfrestur þrír mánuðir.

Fyrir lá að stefndi, Hagkaup hf., tæki húsnæði verslunarinnar á leigu frá 1. ágúst 1988 og að starfsfólki öllu gæfist kostur á endurráðningu hjá stefnda. Stefnanda var boðið starf sitt áfram með óbreyttum kjörum og vinnutíma, sem hann þáði, og til stóð, að hann hæfi störf hjá stefnda hinn 1. ágúst 1988. Seint í júlí 1988 var sú ákvörðun tekin af sölustjórn stefnda að leggja niður rekstur eldhússins, sem stefnandi hafði starfað í, en honum var jafnframt boðið starf við afgreiðsluborð verslunarinnar. Það sætti stefnandi sig ekki við og hóf ekki störf hjá stefnda, svo sem fram er komið.

Uppsagnarfrestur stefnanda var ekki liðinn er hann skyldi hefja störf hjá stefnda hinn 1. ágúst 1988. Hann átti því sjálfkrafa rétt á óbreyttum starfskjörum út ágústmánuð og þurfti engum breytingum á því að hlíta. Stefndi, sem bauð stefnanda fyrra starf með sömu kjörum, yfirtók í raun réttindi og skyldur fyrri atvinnurekanda gagnvart stefnanda í uppsagnarfresti. Samkvæmt því þurfti stefnandi ekki að setta sig við fyrrgreinda breytingu á starfssviði sínu, sem stefndi stóð einhliða að. Við fyrrgreind starfslok sín átti stefnandi því rétt til launa úr hendi stefnda fyrir einn mánuð í uppsagnarfresti.

Ekki verður talið að stefnandi hafi glatað rétti sínum til launa vegna tóm-lætis, eins og haldið er fram af hálfu stefnda.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 141.017,00, sem eru umsamin laun í einn mánuð, auk orlofs, sem ekki er tölulegur ágreiningur um. Dæma ber dráttarvexti í samræmi við kröfugerð stefnanda, eins og nánar greinir í dómsorði, og skulu dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti þann 1. nóvember 1989, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Þá ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 75.000,00 að meðtöldum virðisaukaskatti. Tildæmdur málskostnaður skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hagkaup hf., greiði stefnanda, Bjarna Geir Alfreðssyni, kr. 141.017,00 með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1988 til greiðsludags og kr. 75.000,00 í málskostnað. Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. nóvember 1989. Tildæmdur málskostnaður skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.